

Atli Geir Júlíusson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
Grindavíkurbær

Garðabær, 24. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0007
IAS

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi við Fagradalsfjall

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar, dags. 24. júlí 2023, þar sem fram eru lögð viðbótargögn sem Náttúrufræðistofnun hafði kallað eftir vegna framkvæmdarleyfis við Fagradalsfjall.

Fyrirhugað er að leggja veg upp á Fagradalsfjall sem fær verður breyttum bílum. Vegurinn að Fagradalsfjalli verður eftir fyrirbyggjandi slóðum í nútímahrauni, en nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þar verður fyrirbyggjandi slóði grjóthreinsaður og valtaður svo ekki ætti að verða viðbótar rask á hraununum utan vegarins. Svo verður lagður nýr vegur í sneiðingum um óraskað land upp á Fagradalsfjall. Þar er land að mestu gróðurlítið samkvæmt loftmyndum (map.is), smá gróðurtorfa er við upphaf vegarins og svo má sjá gróður þar sem vegurinn á að liggja uppi á Fagradalsfjalli. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ er þetta líklega mest lyngmóavist á láglandi og grasmóavist.

Fyrirhugaður vegur er að hluta innan fjarsvæðis vegna vatnsverndar og að hluta innan svæðis 104 (Sundhnúkaröðin og Fagridalur) á náttúruminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að gróður þarna er viðkvæmur og talsverð hætta er á að rof verði út frá veginum á Fagradalsfjalli. Einnig er hætta á rofi í jarðvegi þar sem vegurinn liggur í sneiðingum upp brattar skriðurnar. Ljóst er að vegurinn verður áberandi í landslaginu þar sem hann liggur upp á Fagradalsfjall og Náttúrufræðistofnun sér ekki að brýn nauðsyn kalli eftir að hann verði lagður. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

